

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Árlegt taðþróargjald skal vera kr. 273.100 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á auka-gjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1136/2014.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 3. desember 2015.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.